Handbók fyrir öruggt biðsvæði

ViLX-222S/224S/228S stjórnbúnaður



Aðgerðir

Allar aðgerðir tengdar samtölum við útstöðvar eru stjórnaðar af ViLX-222S/224S/228S stjórnbúnaðinum.

Móttaka símtals

Rautt blikkljós á rás og á „Mode“ stöðuljósi gefur til kynna að beiðni um aðstoð hafi borist frá útstöð. Blikktíðnin gefur til kynna tegund útstöðvar: Tegund A blikkar hraðar en Tegund B. Lyftu símtóli stjórnbúnaðarins. Þá kviknar „User“ stöðuljósið rautt. Ýttu á hnappinn fyrir þá rás sem blikkar. Við það byrjar stöðuljós rásarinnar að blikka og „User“ stöðuljósið verður grænt, sem gefur til kynna að tenging hafi náðst og samtal getur hafist.

Hringja í útstöð

Til að hringja í útstöð, lyftu símtóli stjórnbúnaðarins. Þá kviknar rautt ljós á „User“ stöðuljósinu. Ýttu á hnappinn fyrir þá rás sem samsvarar viðkomandi útstöð. Stöðuljós rásarinnar byrjar að blikka rautt, með hægari tíðni en við hringingu frá útstöð af tegund A eða B. Þegar útstöðin svarar símtalinu, blikkar stöðuljós rásarinnar grænt, „Mode“ stöðuljósið kviknar rautt og „User“ stöðuljósið blikkar grænt. Þetta gefur til kynna að tenging hafi náðst og samtal getur hafist.

Ljúka símtali

Til að ljúka símtali frá útstöð:
Fyrir útstöð af Tegund A: settu símtólið aftur á haldara.
Fyrir útstöð af Tegund B: ýttu á „Call/Cancel“ hnappinn.
Til að ljúka samtali frá ViLX stjórnbúnaði, settu símtólið aftur á haldara.vAthugið: Þetta lýkur tengingu samtalsins, en ekki beiðni um aðstoð. Útstöðin fer aftur í kallstöðu og stöðuljós rásarinnar blikkar rautt þar til símtalinu er lokið frá útstöðinni.

Símtal í bið

Til að setja símtal í bið, ýttu á hnappinn fyrir þá rás sem þú ert í samtali við. „Mode“ stöðuljósið mun breytast úr blikkandi grænu í blikkandi grænt/rautt og biðtónn mun heyrast í símtólinu. Til að halda áfram samtalinu, ýttu aftur á sama hnapp. „Mode“ stöðuljósið mun breytast úr blikkandi grænu/rauðu í blikkandi grænt og sýnir að símtalið er tengt aftur.

Staðfesta “Assist Call” viðvaranir

Þegar “Assist Call” viðvörun er virkjuð, mun stöðuljósið fyrir viðeigandi rás blikka blátt, og tvískipt hljóðmerki heyrist til að gefa til kynna að “Assist Call” viðvörun hafi verið virkjuð. Til að staðfesta viðvörunina, ýttu á hnappinn fyrir viðeigandi rás. Bláa stöðuljósið mun þá loga stöðugt, og hljóðmerki heyrist á 15 sekúndna fresti. Ef “Assist Call” viðvörunin hefur ekki verið afvirkjuð innan 2 mínútna, mun hljóðmerkið hljóma aftur stöðugt og stöðuljósið blikka blátt á ný.

Staðfesta bilun

Áður en bilun er staðfest þarf að skrá hana í atvikaskrá ásamt dagsetningu þegar bilunin kom upp. Til að staðfesta bilunina þarf fyrst að fara inn í aðgangsstig 2 (kóði: 1664) eða aðgangsstig 3 (kóði: 1812), með því að nota rásarhnappana til að slá inn kóðann. Þegar innskráningu er lokið, ýttu á hnappinn fyrir rás 1, þá þagnar hljóðmerkið og bilunarljósið verður stöðugt. Til að hætta í þessari valmynd, ýttu á hnappinn fyrir rás 8. Hljóðmerkið mun hljóma á ný við hverja nýja bilun.

Stöðuljósapróf

Til að prófa stöðuljós stjórnbúnaðarins, farðu inn í aðgangsstig 2 (kóði: 1664) eða aðgangsstig 3 (kóði: 1812) með því að nota rásarhnappana til að slá inn kóðann. Þegar innskráningu er lokið, ýttu á hnappinn fyrir rás 2. Öll LED-ljós munu kvikna í fyrirfram skilgreindri röð og hljóðmerki heyrist. Ýttu á hnappinn fyrir rás 8 til að stöðva stöðuljósaprófunina.

Skýring á „Mode“ stöðuljósi

Stöðuljós	**Lýsing**
Grænt stöðugt	Kerfið í eðlilegu ástandi
Rautt stöðugt	Útstöð virkjuð
Blátt stöðugt	„Assist Call“ viðvörun
Gult stöðugt	Tegund B útstöð óvirk
Blikkandi rautt/blátt	Útstöð virkjuð og „Assist Call“ viðvörun samtímis

Skýring á „Power“ og „CPU“ stöðuljósum

AC	**DC**	**PSU**	**General**	**CPU**	**Skýring**
✓					230V rafmagn í lagi
		Blikkandi	Blikkandi		Bilun í 230V rafmagni
✓	✓				Vararafhlaða í lagi
✓		Blikkandi	Blikkandi		Vararafhlaða ótengd
✓		✓	Blikkandi		Skammhlaup í vararafhlöðu
✓	Blikkandi	✓	Blikkandi		Hátt viðnám í vararafhlöðu
✓		✓	Blikkandi	✓	Bilun í aflgjafa
✓			Blikkandi	✓	Samskiptavilla milli skjá- og stjórneiningar
✓			Blikkandi		Samskiptavilla milli skjá- og stjórneiningar
✓	Blikkandi		Blikkandi		Bilun í fjartengdri vararafhlöðu
Blikkandi			Blikkandi		Bilun í fjartengdu 230V rafmagni

Skýring á „User“ stöðuljós

Stöðuljós	**Lýsing**
Rautt	Símtól tekið af haldara á stjórnborði
Blikkandi gult	Rofin tenging við símtól stjórnborðs
Blágrænt	Notandi skráður inn
Fjólurauður	Tæknimaður skráður inn
Blikkandi grænt	Virkt samtal við útstöð
Blikkandi rautt/grænt	Samtal við útstöð í bið
Stöðugt gult	Skammhlaup í símtóli stjórnborðs

Skýring á rásarstöðuljósum

Rásarstöðuljós	**„User“ stöðuljós**	**Hljóðmerki**	**Lýsing**
Hægt blikkandi rautt		Óvirkt	Úthringing til útstöðvar
Hratt blikkandi rautt		Hringir	Símtal að berast frá útstöð (tegund A)
Blikkandi rautt		Hringir	Símtal að berast frá útstöð (tegund B)
Blikkandi grænt	Blikkandi grænt	Óvirt	Virkt símtal við við útstöð
Blikkandi grænt/rautt	Blikkandi grænt/rautt	Óvirkt	Samtal við útstöð í bið
Stöðugt gult		Virkt	Skammhlaup í rás
Hægt blikkandi gult		Virkt	Rásarkort vantar
Hægt bllikkandi gult		Virkt	Rás opin eða endaviðnám vantar
Hratt blikkandi gult		Virkt	Jarðbilun í rás
Stöðugt blágrænt	Stöðugt blágrænt	Hringir	Aðgangsstig 2
Stöðugt fjólurautt	Stöðugt fjólurautt	Hringir	Aðgangsstig 3
Blikkandi blátt		Tónskipt	„Assist Call“ viðvörun
Stöðugt blátt		Tvífalt píp	„Assist Call“ staðfest

Uppsetningarhæð búnaðar

Stjórnbúnaður skal staðsettur í 140 – 150 cm hæð frá gólfi, miðað við miðju búnaðarins.

Stjórnbúnaðurinn er 30 cm á hæð og 35 cm á breidd. Ef nipplar eru ekki notaðir ofan á kassa og kaplar eru í staðinn leiddir að aftan, skulu dósir fyrir aftan stjórnbúnað vera staðsettar þannig að efsti punktur þeirra sé í 154–164 cm hæð frá gólfi. Þetta tryggir greiða aðkomu að kaplaopi sem er staðsett ofarlega á bakhlið stjórnbúnaðarins og að stjórnbúnaðurinn hylji dósirnar að fullu þegar hann er festur á vegg



Útstöðvar skulu festar í 90–120 cm hæð frá gólfi, miðað við miðju búnaðarins.

Hver útstöð er 146 mm á hæð og 86 mm á breidd.

Lengd hverrar rásar má vera allt að 500 metrar þegar notað er 2×1,5 mm² brunastrengur.

Aðeins ein útstöð má vera á hverri rás og skal endaviðnám (10 kΩ, 1W) sett í útstöðina til að tryggja vöktun rásarinnar.



Skýringar á stöðuljósum útstöðva



Snið fyrir merkimiða



Í stað þess að nota merkivél er hægt að hlaða niður PDF-skjali, fylla inn allar upplýsingar í tölvu og prenta það út á A4-blað án skölunar. Hér að neðan má finna QR-kóða sem hægt er að skanna til að hlaða niður skjalinu.

Skannaðu þennan QR-kóða til að nálgast PDF-skjalið.

Mikilvægt er að skjalið sé prentað út á A4 og í raunstærð (actual size), án skölunar.

Dálkur 1 er ætlaður fyrir texta með einni línu.
Dálkur 2 er ætlaður fyrir texta með tveimur línum.

Rásarkort

Hægt er að setja allt að 4 rásarkort í stjórnbúnaðinn og hvert kort styður tvær rásir.

Ef rásarkorti er bætt við eða fjarlægt, er mikilvægt að DIP-rofar séu rétt stilltir í samræmi við fjölda rásarkorta.

Stillingar DIP-rofa:

- 1 rásarkort: DIP-rofi 1 skal vera í ON
- 2 rásarkort: DIP-rofar 1 og 2 skulu vera í ON
- 3 rásarkort: DIP-rofar 1, 2 og 3 skulu vera í ON
- 4 rásarkort: DIP-rofar 1, 2, 3 og 4 skulu vera í ON



Mynd sýnir stillingu DIP-rofa fyrir 2 rásarkort



Staðsetning búnaðar

Staðsetning stjórnborðs _____

Rás	Staðsetning
1	
2	
3	
4	
5	
6	
7	
8	

Atvikaskrá síða 1

Dagsetning	Atvik eða unnin vinna	Tæknimaður	Fyrirtæki

Atvikaskrá síða 2

Dagsetning	Atvik eða unnin vinna	Tæknimaður	Fyrirtæki

Atvikaskrá síða 3

Dagsetning	Atvik eða unnin vinna	Tæknimaður	Fyrirtæki